

MINNING:

WILHELM E. BECKMANN

Hann var fæddur Þjóðverji en dó Íslendingur, var listamaður af Guðs náð og víðkunur fyrir mörg snilldarverk í tréskurði og höggmyndalist, hann trúði á frelsi, jafnrétti og bræðralag og broddurinn í list hans og lífi var helgaður þeirri hugsjón.

Wilhelm Ernst Beckmann fæddist í Hamborg 5. febrúar 1909, sonur Louise og Wilhelms Beckmann, sem var borgarstarfsmaður þar og borgarráðsmaður annar tveggja sona þeirra hjóna. Hinn sonurinn var Georg Beckmann, sem um árabíl var áhrifamaður í þýzka jafnaðarmannaflokknum og einn þriggja borgarstjóra í Düsseldorf. Þessi fjölskylda er nú öll fallin með skömmu millibili á tveimur árum.

Wilhelm lézt s.l. þriðjudag, 11. maí, að Vífilsstöðum, eftir margra missera stríð við ólæknandi sjúkdóm. Hann varð því aðeins 56 ára gamall.

14 ára gamall hóf Wilhelm nám í hákunnunum enkskum meistara í Hamborg, Peter Olde, í tréskurði og höggmyndalist. Hann lauk því námi vorið 1927 og setti fljótlega í fót vinnustofu og hóf jafnframt tennslu við listaháskóla. Varð vegur hans fljótt mikill á þessu sviði og spurðist hæfni hans víða um heimaland hans. Wilhelm gerði á þessum árum mörg fögur listaverk í tré, sem keypt voru af þýzka

um söfnum og einkaaðilum.

1934 var Wilhelm orðinn 25 ára gamall og stóð þá þegar nærri prófessorsstöðu í listgreinum sínum. En jafnframt störfum á þessu sviði var hann ásamt föður sínum og bróður virkur þátttakandi í flokki þýzka jafnaðarm. Stjórn málaskoðun hans varð honum því, eins og fleirum skyndilega fjötur um fót, þegar Hitlerstímabilið í sögu Þýskalands rann upp. Faðir hans og bróðir voru fangelsaðir en hann flúði til Danmerkur. Þar með var endir bundinn á frama listamannsins Wilhelms Beckmann í heimalandi hans.

Í Danmörku fékk Wilhelm dvalarleyfi í eitt ár og notaði þann tíma, til þess að nema í konunglega Kunstakademíu. En að því loknu varð hann að leita nýrra úr ræða. Það atvikaðist svo þannig, að hann leitaði til Íslenzka sendirásis í Kaupmannahöfn og fékk þar leyfi til þess, að fara til Íslands.

Í maí 1935 kom Wilhelm Beckmann til Reykjavíkur óviss um hvað hér biði sín. Hann leitaði til

skrifstofu Alþýðuflokksins. Þar sem Stefán Jóhann Stefánsson tók á móti honum. Greiddi Stefán Jóhann fyrir honum, svo að Wilhelm gat komið undir sig fótunum hér.

Íslandsdvöl unga þýzka listamannsins varð lengri en hann mun hafa órað fyrir. Vafalaust hefur hugur hans staðið aftur heim til Þýskalands í fyrstu en þangað átti hann ekki afturkvæmt unuz stríðinu lauk 10 árum síðar. Á þessum áratug festi hann rætur hér og taldi sig upp frá því Íslending og fékk ríkisborgararétt 1946, enda hafnaði hann síðar mörgum boðum um stöður í Þýskalandi, sem þó hefði gefið honum margföld tækifæri um fram þau, sem hér var kostur á.

1940 kvæntist Wilhelm Valdís Einarssd. frá Syðri-Knarrartungu í Breiðuvík á Snæfellsnesi. Eignuðust þau tvö börn, dóttur og son. Þau eru: Hrefna, sem stundar ásamt reykvískum manni sínum nám í Giessen í Þýskalandi. Er hún þar að nema dýralækningar. Einar, sem er um þessar mundir að ljúka námi í prentmyndagerð í Reykjavík.

Wilhelm Beckmann starfaði hér að listgreinum sínum, þótt fámenni þjóðarinnar og fjarlægð hennar frá listamiðstöðvum meginlandsins setti honum þröngar skorður. Hann vann um árabíl hjá Ríkariði Jónssyni, myndhöggvara, síðan sjálfstætt, en síðustu árin starfaði hann jafnframt fyrir Guðmund Guðmundsson í Trésmiðjunni Víði h.f. og hafði þar þá aðsetur með öll sín verkfæri.

Hér liggja eftir Wilhelm fjölmörg fögur og vönduð tréskurðarverk og einnig nokkrar höggmyndir. Lang flest verk hans hér voru helg uð kristinni trú og kirkju. Hefur hann m. a. gert skírnarfonta, altaristöflur, ljósastikur o. fl. muni, sem nú þrýða kirkjur víða um land, t.d. Ólafsvíkurkirkju, Kolfreyju-staðarkirkju í Fáskrúðsfirði Búðakirkju, Vatnsfjarðarkirkju, Vil'inga holtskirkju, Gaulverjabæjarkirkju, Akraneskirkju, Kópavogskirkju, Frí kirkjuna í Reykjavík o. fl. Að auki eru fjölda mörg listaverk eftir Wilhelm í eigu félaga og einstaklinga víða um land.

Hér hefur verið hlaupið fljótt yfir lítrika og langa sögu. Wilhelm Beckmann var sérstæður persónu leiki og listgáfa hans var stórbrotin. Jafnframt því að stunda lengst af tréskurð og myndhöggvaralist, sem hann lagði sig fyrst og fremst eftir í námi á yngri árum, var hann einnig búinn hæfileikum list

málara og ljóðskálds og unnandi fagurrrar tónlistar var hann einnig. Undirtóninn í lífi og starfi Wilhelms Beckmann var hin sanna jafnaðarstefna, hann var öllum mönnum jafn einlægur og sífrjó gleði hans var birtugjafi hvar sem hann bar niður.

Þessi orð vil ég enda með litlu ljóði, sem Wilhelm orti þegar hann stóð ásamt bróður sínum og föður í starfshópi þýzka jafnaðarmannaflokksins, það lýsir lífsviðhorfi þessa heiðursmanns, sem í gær var kvaddur við útför frá Kópavogskirkju:

Wir wollen Flamme sein
welt zu befreien,
wir wollen höchtes Recht
nicht Herren oder Knecht
wir wollen unser ganzes Leben
für das eine geben.
jedem soll ganzes Mensch sein
werden
auf Erden.

(Við viljum vera kyndill, til þess að frelsa heiminn. Við viljum æðsta rétt og ekki herra eða þræla. Við viljum förna lífi okkar fyrir það eitt að allir menn á jörðu séu jafnir).

Herbert Guðmundsson.



Ein af fjölmörgum trúarlegum myndum Wilhelms Beckmann. (Ljós. Einar Beckmann.)



Wilhelm E. Beckmann.

JÓNAS KRISTJÁNSSON: MAÐURINN, MANNFÉLAGIÐ OG MENNINGIN

Hugtakið EINKENNISPERSÓNNA er mikilvægt, þegar þjóðfélög eða önnur félög eru borin saman. Einkennispersóna er sú manngerð, sem kemur oft ast fyrir í einhverju tilteknu þjóðfélagi eða öðru félagi, og samsvarar oft, en ekki alltaf, hugtakinu MEÐALMAÐUR.

Einkennispersóna hvers þjóðfélags er enginn mælikvarði á þjóðfélagið sjálft, nema vitað sé líka, að hve miklu leyti menn almennt falla undir þau einkenni, sem einkennispersónan hefur, og vitað sé, hversu frávikin séu mikil frá þessu.

Ferðamenn, sem heimsækja fjarlæg lönd, lýsa reynslu sinni. Þeir grípa nokkur atriði úr margvíslegum hughrifum, sem þeir hafa orðið fyrir á ferðalaginu, og búa til úr þeim eina persónu, t.d. Ítalann. Ferðamaðurinn segir: Ítalir eru svona og svona. Sjálfur fór ég alls ekki fyrir löngu skyndiferði í lest gegnum

Frakkland og sá fjóra Frakka. Allir voru þeir ölváðir og er því fyrir mig að segja: Allir Frakkar eru fullir. En það er náttúrulega fjarri sannri.

Almennar staðhæfingar um þjóðareinkenni hafa litlið gildi, einkum ef þær eru byggðar á heldur litilli reynslu. Ferðamenn

sem fara um lönd, hitta yfirleitt aðeins fulltrúa vissra stétta, svo sem hótelfólk og starfsmenn í samgöngumálum og svo ef til vill nokkra þekktu menn og starfsbræður. Þeir ættu því að gjalda varhug við að álíta þessa menn vera einkennispersónur þessara landa. Hópurinn, sem ferðamenn kynnst, er takmarkaðri en svo, að almennar staðhæfingar hafi nokkuð gildi.

Sumar almennar staðhæfingar um einkennispersónur landa eru á hvers manns vörum. Það er talað um tónlistargáfu Ítalans.

nízku Skotans, matarást Danans og slæð Armeníumannsins. Yfirleitt eru þessar staðhæfingar tórn ímyndun, einkum þó ef þær eru notaðar um eigin hóp, t.d. Íslendingar hugsa um hinn gáfadaða Íslending, hinn framtaksama Íslending, hinn listræna Íslending.

Yfirleitt ættu menn að varast allar fullyrðingar um ákveðin þjóðareinkenni, sem ekki eru byggðar á neinum fræðilegum rannsóknum.

Á síðustu árum hafa félagsvísindamenn byrjað á alvörurannsóknum á þjóðareinkennum og einkennispersónum þjóða. Verður síðar í þessum þætti rætt um nýjustu rannsóknir á þessu sviði, en þær hafa gefið mjög óvæntar og sláandi niður stöður.

Nízka Skotans